



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

23. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 verður haldinn mánudaginn 16. febrúar 2026 kl. 15:30 í Blæ, fundarsal í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir í forföllum Ævars Eyfjörðs Sigurðssonar, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Kolbrúnar Haraldsdóttur. Auk þeirra sátu fundinn þau Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri. Hannibal Kjartansson, veitustjóri, er fjarverandi vegna veikinda. Hér var gengið til dagskrár:

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

Leikskóladeild yngstu barna hefur verið opnuð í fyrrverandi ráðhúsi og þar gengur starfsemi afar vel. Framkvæmdum þar er að mestu lokið og verður gengið frá lausum endum á allra næstu dögum. Grænhóll verður innréttaður sem starfsmannarými, fyrir undirbúning og fyrir sérkennslu. Framkvæmdir við þá breytingu eru hafnar og ganga vel. **Apótekið** er fullbúið og framkvæmdum á okkar vegum er lokið. Opnun er nú háð hraða leyfisveitinga. Verið er að girða **gámasvæðið** og hlið verður sett upp á næstunni. Þegar því er lokið verður hægt að hefja innheimtu. Keyptur hefur verið gámur til að nota á grenndarstöðinni við Sneiðina. Lyfta er komin upp í **íþróttahúsinu** og tryggir þar með aðgengi á milli hæða í húsinu. Brotist var inn í **sundlaugarhúsið** og ýmsu stolið og annað skemmt. Lögregla var kölluð til og skemmdir hafa verið tilkynntar til tryggingafélags sveitarfélagsins. Engar myndavélar eru í sameiginlegum rýmum og heldur ekki fyrir utan húsið. Verið er að skoða **uppsetningu á öryggismyndavélum** fyrir grunnskólann, íþróttahúsið, sundlaugina og áhaldahúsið. Lögð er áhersla á að þessi búnaður verði settur upp sem fyrst. Nefndin vill jafnframt beina þeim tilmælum til íbúa að læsa, gæta að eignum sínum og vera vakandi fyrir grunsamlegum ferðum á svæðinu. Undirbúningur fyrir framkvæmdir ársins er hafinn, uppsetning leiktækja, framkvæmdir við félagsheimilið eru komnar í ferli og önnur umhverfisverkefni.

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri.

Þar sem veitustjóri er fjarverandi vegna veikinda fellur þessi liður niður.

3. Vatnsveitan „Blákvísl“ – staða málsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Leyfi hefur fengist hjá Forsætisráðuneytinu til nýtingar á vatnslindinni með því skilyrði að sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi. Leyfið er háð þeim fyrirvara að fyrir liggi ákörðun um mat á umhverfisáhrifum. Í svari frá Umhverfis- og Orkustofnun vegna óskar um nýtingarleyfi kemur fram að nauðsynlegt er að fá mat. Skipulagsstofnunar á því hvort að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Einnig voru lagðar fram frekari upplýsingar um kostnað við vænta lög.

Veiturstjóra falið að vinna málið áfram með það fyrir augum að framkvæmdir geti farið í gang á árinu.

CBV
RSE

DCS

4. Flutningur slökkvistöðvar - fyrirhugaðar framkvæmdir.

Veitustjóra falið að vinna málið áfram.

5. Framkvæmdir við sundlaugina á Flúðum.

Sveitarstjóri kynnti tilboð í endurnýjun á dúkalögn og endurbætur á sundlauginni á Flúðum sem borist hefur frá Á. Óskarssyni. Tilboðið hljóðar upp á kr. 14.577.171.-. Einnig þarf að byggja yfir laugarkerið á verktímanum og gera við steypuskemmdir á laugarkerinu. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gengið verði að tilboðinu og að framkvæmdin muni eiga sér stað í vor.

6. Varaafl HSu.

Ósk hefur borist frá HSu um hvort mögulegt sé að tengja Heilsugæslu Uppsveitanna við varaafstöð Hrunamannahrepps í miðbæ Flúða.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og felur veitustjóra að vinna málið áfram enda muni HSu greiða þann kostnað sem til fellur.

7. Umræða um göngubverun og göngustíga.

Lagður hefur verið göngustígur frá Byggð á Bríkum og að enda göngustígs austan við Skeiða- og Hrunamannaveg.

Nefndin samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að fundað verði með Vegagerðinni varðandi framkvæmdina og tengingu við núverandi stígakerfi.

8. Tilkynning um vatnstjón á Hótel Hill.

Sveitarstjóri kynnti stöðu málsins en tjón varð á hótelinu vegna stíflu í holræsalögn.

Nefndin felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

9. Baseload power – rekstur Flúðaorku.

Veitustjóra falið að vinna málið áfram.

10. Erindi frá íbúum og öðrum.

Erindi frá íbúa varðandi fráveitu frá íbúðarhúsi við Högnastíg.

Veitustjóra falið að ræða við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands varðandi þessa fráveitutengingu.

Erindi frá íbúa varðandi umgengni á lóðum fyrirtækja sem tilheyra Sneiðinni.

Nefndin vísar erindinu til Umhverfisnefndar til umfjöllunar.

Erindi frá íbúa varðandi ófrágengið svæði í kjölfar framkvæmda RARIK við Smiðjustíg.

Veitustjóra falið að hafa samband við RARIK og sjá til þess að frágangur verði eins og til er ætlast.

Erindi frá íbúa varðandi hraðalækkandi aðgerðir á Smiðjustíg og á öðrum vegum í Flúðahverfinu.

Erindinu vísað til Umhverfisnefndar til umfjöllunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:13.

*Bjarnur Vignisdóttir
Ragnhildur Stefánia Eyþórsdóttir*

[Signature]
*Hauður Hórneld
Dati Geir Samúelsar*